

Nr. 059 / 15 Bjarni Sæmundsson RE 30

Skipverji slasast á hendi

Skipaskr.nr. 1131
Smíðaður: Bremenhaven Þýskalandi 1970, stál
Stærð: 776,6 brl. 822 bt.
Mesta lengd: 55,88 m *Skráð lengd:* 50,26 m
Breidd: 10,6 m *Dýpt:* 7 m
Vél: MAN 1326 kW, 2005
Fjöldi skipverja: 20



Bjarni Sæmundsson©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 26. október 2015 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 11. mars 2015 var Bjarni Sæmundsson RE 30 á togveiðum í Eyjafirði. Veður: SA 9 m/s og ölduhæð 1 m.

Skipverjar voru að láta trollið fara og var einn þeirra að lása dauðalegg í hlera þegar leggurinn festist í útslökun svo slinkur kom á hann með þeim afleiðingum að hann slasaðist á hægri handlegg.

Við rannsókn kom fram:

- að veður var gott en kvika;
- að slasaði var óviðbúinn þessu.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.